

Fréttabréf



Kjarakönnun 2020

Iðnaðarmenn í kófinu

Með baráttuna að leiðarljósi

Iðnaðarmenn á Suðurnesjum

TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmannanámsskeið Félags iðn- og tæknigreina verða haldin á Stórhöfða 31 um leið og óhætt verður. Við hvetjum því félagsmenn að kjósa trúnaðarmann á sínum vinnustað og láta okkur vita, þannig að við getum staðfest kosningu og boðið viðkomandi trúnaðarmanni á námskeið. Fyrirspurnir og tilkynningar um trúnaðarmenn sendist á fit@fit.is

MÍNAR SÍÐUR Á FIT.IS

Allir greiðendur og virkir félagsmenn eru með aðgang að þjónustusíðum FIT með rafrænum skilríkjum eða íslykli.

Mínar síður hafa verið í stöðugri þróun frá því að þær voru opnaðar. Því er gott að sem flestir skoði og noti síðurnar og komi ábendingum til starfsfólks skrifstofunnar ef þarf.

FÉLAGSSKÍRTEINI

Mínum á að allir félagsmenn FIT geta sótt um félagsskírteini hér hjá okkur á Stórhöfða 31 eða sent póst á helga@samidn.is. Félagsskírteini veita félagsmönnum afslátt hjá fjölda fyrirtækja. Flestir afsláttirnir eru á bilinu 5% til 15%. Það má nálgast upplýsingar um fyrirtækin á mínum síðum á fit.is



BRIDGE

Áfram er fyrirhugað að vera með bridge-kvöld á nýju ári ef Covid-19 leyfir. Þá verður spilað aðra hverja viku fram til vors. Allir velkomnir.

Vinsamlegast fylgist með heimasíðu FIT þar sem spílakvöldin verða auglýst.



VEIÐIKORTIÐ 2021

Veidikortið fyrir 2021 kemur í sölu í desember eins og undanfarin ár. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 36 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Kortið kostar 8.900 krónur í almennri sölu en 5.000 krónur fyrir félagsmenn FIT. Hver félagsmaður getur keypt eitt veidikort. Glæsileg handbók fylgir hverju seldu korti þar sem má finna leiðbeiningar og reglur. Kortið gildir fyrir einn fullorðin. Börn yngri en 14 ára veiða frítt í fylgd korthafa. Kortið er ekki skráð á nafn þannig að auðvelt er að nota það í gjafir og er það tilvalin jólagjöf fyrir veiðihuga-fólk. Kortið verður til sölu á orlofssíðu FIT.



VIÐ ERUM Á FACEBOOK

Líkaðu við facebook síðu FIT

Við mínum á að allar fréttir af fit.is birtast jafnóðum á facebook-síðu félagsins. Þar á meðal allar tilkynningar um laus orlofshús en laus hús eru auglýst með litlum fyrirvara ef einhver hefur hætt við bókun. Þá er hægt að grípa hnossið og skella sér í bústað yfir helgi.

Nú er uppi fordæmalaust ástand í samfélaginu vegna Covid-19. Við höfum þurft að vera mikið í rafrænum samskiptum við okkar fólk á þessu ári og halda fundi í gegnum tölvuna eins og fleiri. Við biðum með eftirvæntingu eftir því að komast aftur út og geta heimsótt félagsmenn okkar á vinnustöðum. Við á skrifstofu FIT höfum reynt okkar allra besta við að svara fyrirspurnum félagsmanna og vera til staðar fyrir ykkur þó svo að þjónustan hafi verið með breyttu sniði. Það jafnast samt ekkert á við það að hitta fólk og eiga eðlileg samskipti. Það er mikilvægt að koma af stað vinnustaðaheimsóknunum á nýjan leik og að okkar félagsmenn geti heimsótt okkur á skrifstofu FIT. Það er mikið álag á okkar félagsmenn eins og aðra í þjóðfélaginu á þessum krefjandi tímum. En vonandi eru bjartari tímar framundan.

Það hefur mikil vinna farið í að fylgja eftir kjarasamningum. Við höfum náð ýmsu fram í kjarasamningum bæði við ríki og sveitarfélög. Ég hefði samt sem áður viljað sjá vaxtalækkanir skila sér betur út í umhverfið. Margir kjarasamningar sem hafa verið opnir hafa farið út í harðar deilur m.a. við stóriðjuna og fleiri. Það hefur því verið í nógu að snúast á þessu sérstaka ári og mikið reynt á okkar starfsfólk í þessum kjarasamningum. Heilt yfir hefur tekist vel til í mörgu á þessu ári.

Nú er lag að sveitarfélögin fari í framkvæmdir

Við áttum satt að segja von á meiri framkvæmdum á vegum ríkisins og sveitafélaga á þessu ári. Það hefur í raun aldrei verið mikilvægara en nú á samdráttartímum að stjórnvöld horfi til verkefna sem stuðla að atvinnusköpun. Ljóst er að mörg verkefni koma þar til greina, bæði á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar. Ég tel afar mikilvægt að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst. Verulega hefur skort á viðhaldsframkvæmdir hjá hinu opinbera síðustu misserin og nú er lag að bregðast við uppsafnaðri þörf. Brýnt er að halda hjólum atvinnulífsins gangandi og stuðla að því að greiðslur úr ríkissjóði skili mikilvægum, virðisaukandi verkefnum til samfélagsins.

Það er á svona tímum sem reynir á stjórnvöld að styðja við af fullu afli og ljóst er að enginn hörgull er af verðugum verkefnum sem ráðast þarf í. Umrædd endurgreiðsla í atakinu „Allir vinna“ tekur einnig til framkvæmda og viðhalds á öllu húsnæði í eigu sveitarfélaga. Nú er því lag að sveitarfélögin

fari í framkvæmdir sem hafa lengi setið á hakanum sem og horfi til nýrra verkefna sem mikilvægt er að fara í.

Afar mikilvægt er að hluti af iðnnáminu sé undir stjórn meistara

Iðnmenntun hefur verið í brennidepli á undanföllum vikum, ekki hvað síst eftir umfjöllun fréttaskýringaþáttarins Kveiks, sem á dögunum fjallaði um iðnmenntun og stöðu iðnnema á Íslandi. Þar kom fram sú skoðun að færa ætti allt iðnnám inn í skólanna þannig að nemendur tækju fullnaðarpróf í skólanum. Jafnframt var rætt hvort að leggja

námstímanum. Það skýtur því skökku við að sömu aðilar, mennta og menningarmálaráðuneytið, telji sig geta náð árangri í kennslu iðn- og verknáms í gegnum skólaföfnun án aðkomu meistara á vettvangi vinnustaða.

Afar mikilvægt er að hluti af náminu sé undir stjórn meistara en ekki skólans. Skólarnir hafa ekki sýnt að þeir séu í stakk búinir til að þeir geti tekið iðnnámið að fullu inn í skólana. Hættan er sú að iðnnemar sem útskrifast, hafi ekki jafn mikla færni og ef þeir eru hjá meisturum, og þar með verði dregið úr gæðum iðnnáms. Sveinsprófið er samræmt próf sem byggir á að meta grunnfærni sem nemi á að hafa öðlast í námi sínu. Þess vegna er sérkennilegt að horft sé til þess að

ALDREI MIKILVÆGARA AÐ STJÓRNVÖLD HORFI TIL ATVINNUSKAPANDI VERKEFNA



Hilmar Harðarson
formaður

ætti niður sveinsprófið eins og við þekkjum það. Þessi skoðun er ekki að koma fram í fyrsta skipti, heldur hefur henni verið haldið fram lengi af skólafólki og skólameisturum iðnskóla og verkmenntaskóla. Í máli þeirra sem tjáðu sig í fréttaskýringaþættinum er þessi skoðun byggð á þeim rökum að meistarakræfið og sveinsprófið sem við þekkjum sé gamaldags og komi í veg fyrir nýliðun. Okkar skoðun hefur hins vegar verið sú að blanda af báðum sé mikilvæg því að ekki sé hægt að kenna alla þætti starfsins í skóla.

Til marks um þetta þá varð sú breyting á kennaranámi á nýliðnu ári, að í stað stuttrar vinnustaðaheimsóknar kennaranema þá hefur fimmta árinu í kennaranámi verið breytt í kandidatsár. Þannig eru kennarnemar á fimmta ári í starfsnámi á vettvangi. Þetta var gert eftir að í ljós kom að ekki hefur verið hægt að kenna kennaranemum heildstætt í stuttum vinnustaðaheimsóknunum á

fella það niður, ekki síst þar sem að það hefur ekki verið álitamál innan okkar raða og í raun ekki ákall markaðarins að fella það niður.

Mikilvægt að taka þátt

Á undanföllum árum höfum við gert launa- og þjónustukönnun meðal félagsmanna sem félagsmenn hafa verið viljugir að svara. Þessa könnun notum við til þess að bæta þjónustu og vera með nýjustu launatölur á vinnumarkaði. Að þessu sinni var engin utantekning og birtum við niðurstöðu könnunarinnar í þessu fréttabréfi. Ég vil nota tækifærið til að þakka ykkur fyrir þátttökuna og hvetja ykkur til að nota þær upplýsingar sem koma fram í henni.

Við höfum einnig sent fyrirspurn til félagsmanna okkar um að fréttabréf FIT verði hér eftir rafrænt til að spara bæði pappírnotkun og draga úr póstsendingum til félagsmanna.

Iðnaðarmenn í kófinu

Fordæmalausar aðstæður hafa skapast í íslensku samfélagi vegna Covid-19. Þegar við stöndum frammi fyrir óvissutímum, eins og núna, þá reynir á alla innviði í okkar samfélagi. Það er eðlilegt að finna fyrir áhyggjum og jafnvel kvíða á svona tímum. Á sama tíma er það mjög mikilvægt að láta þessar tilfinningar ekki taka yfir.

Hvernig upplifa starfandi iðnaðarmenn þessa tíma? Við ákváðum að leggja spurningar fyrir nokkrar félagsmenn FIT. Okkur langaði að athuga hvaða áhrif Covid-19 hefur haft á starfsumhverfi þeirra og hvaða breytingar hafa orðið.

Það sem vekur athygli þegar rætt er við þessa iðnaðarmenn er jákvæðnin og þrautseigjan. Allir þeir sem rætt var við voru ákveðnir að fara eftir öllum leiðbeiningum og reglum til að vernda sig og aðra gegn Covid-19. Hér á eftir eru svör þeirra.



Sævar Jóhannsson, sem er 34 ára, býr og starfar í Reykjanæsbæ. Hann starfar í viðhaldsdeild hjá Isavia. Hann er menntaður húsasmíðameistari.

Fyrsta spurning til Sævars er hvernig andrúmsloftið sé í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nú í þriðju bylgju faraldursins.

Stemningin í stöðinni er frekar döpur þessa daga. Engir farþegar

og mikið um uppsagnir. Allt skrifstofufólkið vinnur heima núna og er ekki mikið í kringum okkur í viðhaldsdeildinni. Þannig að samskipti við annað fólk hafa minnkað nema einungis við mína menn í suðurbyggingu. Eini kosturinn við að hafa enga farþega er að núna getum við unnið óáreittir um stöðina. Samt sem áður mjög sorgleg staða á Keflavíkurflugvelli.

Hversu lengi hefur þú verið í núverandi starfi og hvað hefur þú starfað lengi í þínu fagi?

Ég byrjaði að vinna hjá Isavia í október 2017. Tók sveinpróf 2008 en hef unnið sem smíður síðan 2007.

Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna Covid á þínum vinnustað og þá hverjar?

Viðhaldsdeildina skipa 10 iðnaðarmenn og okkur var skipt upp í tvo hópa. Annar hópurinn sér alveg um norðurbygginguna og hinn hópurinn er alveg í suðurbyggingunni. Við hittumst ekkert þessa dagana, þessir hópar.

Hefur eitthvað breyst í þínu starfi vegna Covid og þá hvað?

Starfið mitt hefur lítið breyst nema það að starfstöðin hefur minnkað og verkefnin eru færri en áður.

Hefur þú trú á að Covid breyti einhverju til frambúðar í þínu starfi?

Ég tel að starfið mitt sem slíkt breytist kannski ekki mikið en umhverfið hefur breyst og ég vinn úr því eins og hverju öðru verkefni.

Grunur um COVID-19 sýkingu

Ef grunur vaknar um COVID-19 sýkingu á vinnustað, þarf að hafa samband við heilbrigðisþjónustuna í síma 1700, heilsugæslu eða í gegnum heilsuvera.is.

Mikilvægt er að starfsfólk haldi sig heima og mæti ekki til vinnu ef það byrjar að finna fyrir einkennum.

Starfsmaður að vera heima á meðan beðið er eftir niðurstöðum á sýnatöku.

COVID-19 smit á vinnustað

Ef smit kemur upp á vinnustað hefur hefur smitakningarteymið samband við þann sem hefur smitast og eftir atvikum við vinnu-

veitanda. Spurt er út í aðstæður á vinnustaðnum og samskipti þess smitaða við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólfi.

Lengd sóttkvíar. Til að stytta 14 daga sóttkví er hægt að fara sjö daga í sóttkví sem endar með sýnatöku. Sóttkví lýkur ekki fyrir en neikvæð niðurstaða liggur fyrir.

Úrvinnslusóttkví. Ef vafamál um umgengni starfsfólks koma upp, þá er engin áhætta tekin og starfsfólk sett í úrvinnslusóttkví. Hún stendur yfir þar til það er á hreinu hvort viðkomandi hafi verið útsettur eða ekki. Ef svo er, þá heldur viðkomandi áfram í hefðbundinni sóttkví.

Upplýsingasíða; <https://www.covid.is/>

Fyrsta spurning til Heimis er hvort hann taki eftir miklum breytingum á fólki í sínu vinnuumhverfi vegna Covid-19

Mér er efst í huga hvað fólk er orðið meðvitað um varúð í samskiptum, ásamt því að mér finnst almennt umburðarlyndi og hjálpssemi fólks vera meiri en það var fyrir Covid.

Við hvað starfar þú og hver er menntun þín?

Ég er menntaður trésmíðameistari og hef lokið fjölda námskeiða er varða fagið. Hef lokið 42 eininga námi í Rekstar- og viðskiptafræði og opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Endurmenntun Háskóla Íslands. Einnig hef ég öll réttindi varðandi ökutæki ásamt vinnuvélaréttindum og minni skipstjórnunarréttindi að auki.

Hversu lengi hefur þú verið í núverandi starfi og hvað hefur þú starfað lengi í þínu fagi?

Ég hef verið í núverandi starfi í sex og hálf ár með hléum sem trésmíðameistari frá 1986.

Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna Covid á þínum vinnustað og þá hverjar?

Við höfum skipt vinnustaðnum upp í þrjá hópa og reynum að forðast samneyti milli þeirra nema í gegnum síma og tölvupósta. Allir fundir eru einnig í Zoom eða Teams. Þetta var gert í vor í fyrstu bylgjunni og einnig núna í þeirri þriðju.

Hefur eitthvað breyst í þínu starfi vegna Covid og þá hvað?

Öll samskipti bæði á vinnustaðnum sjálfum og svo samskipti við alla utanaðkomandi eru breytt og allri mögulegri varkárni beitt.



Heimir Hafsteinsson býr og starfar á Hellu. Hann starfar sem umsjónarmaður fasteigna og aðstoðarmaður byggingafulltrúa hjá Rangárþingi ytra ásamt því að vera húsvörður á Suðurlandsvegi 1-3.

Hefur þú trú á að Covid breyti einhverju til frambúðar í þínu starfi?

Ég hef trú á því að fundir og önnur samskipti verði að mestu í gegnum tölvu og síma ef mögulegt er.

Fyrsta spurningin til Stefáns er hvaða áhrif Covid hefur haft á samfélagið í Eyjum.

Hér í Eyjum þekkja allir alla og fréttir eru fljótar að berast t.d. ef einhver fer í sóttkví eða einangrun. Það er vissulega ákveðið högg fyrir fólk ef skyldmennir manns eða einhver sem maður þekkir greinist og svoleiðis. Svo er fólk leitt á því að komast ekki í fríin sín og gera það sem það vill. Margir hafa þá bara tekið í málningarpensilinn eða hamarinn og farið í framkvæmdir heima hjá sér, sem hafa fengið að sitja á hakanum lengi. Aðalmálið er bara að finna sér eitthvað að gera. En ég held að Eyjamenn hafi tekið vel á faraldrinum hér og allir lagt sitt af mörkum í baráttunni við Covid.

Við hvað starfar þú og hver er menntun þín?

Ég útskrifaðir með B stig í vélstjórn frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum vorið 2019 svo kláraði ég sveinspróf í vélvirkjun nú í vor.

Hversu lengi hefur þú verið í núverandi starfi og hvað hefur þú starfað lengi í þínu fagi?

Ég hef verið starfsmaður Hafnareyrar síðan 2. desember 2019 en var í 3 ár að vinna hjá Nethamri og vélaverkstæði þar áður.

Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna Covid á þínum vinnustað og þá hverjar?

Já, í fyrstu Covid bylgjunni var okkur skipt í nokkra hópa sem mæta á mismunandi tímum þannig við værum ekki allir að hittast til að minnka smíðaðu. Nú í seinni bylgjunni hefur okkur verið skipt aftur í hópa svo eru menn nú alltaf með grímur ef þeir þurfa eitthvað að snattast eða fara í verkefni utan vinnustaðarins.

Hefur eitthvað breyst í þínu starfi vegna Covid og þá hvað?



Stefán Gauti Stefánsson, sem er 22 ára, býr og starfar í Vestmannaeyjum. Hann starfar sem vélvirkni hjá Hafnareyri sem er þjónustufyrirtæki fyrir vinnslustöðina í Eyjum.

Í sjálfu sér ekki beint í starfinu, nema kannski færri sem mæta í kaffi og maður er meira í samskiptum símleiðis frekar en „face to face“ vegna hópaskiptingarinnar.

Hefur þú trú á að Covid breyti einhverju til frambúðar í þínu starfi?

Ég hef ekki trú á því.



Karl Anton Jacobsen, sem er 31 árs, býr og starfar í Reykjavík. Hann starfar sem bifvélavirki á Kia-verkstæði Öskju.

Fyrsta spurning mín til Karls er hvort líf hans hafi tekið miklum breytingum vegna Covid-19

Líf mitt hefur nú ekki tekið miklum breytingum vegna Covid-19. Ég og kærastan mín tókum þá ákvörðun þegar þetta byrjaði að fara bara eftir því sem mælt var með að fólk gerði. Ég hef verið meira heima, en það er auðvelt að halda sambandi við vini og fjölskyldu á samfélagsmiðlum. Þetta hefur tæknilega séð gefið mér meiri tíma til

að sinna meistarakólanum. Auðvitað hefur það áhrif á mig andlega að hitta vini og fjölskyldu minna, en ég vil frekar vera bjartsýnn á að þetta sé bara tímabil sem að við þurfum að ganga í gegnum.

Hver er menntun þín?

Ég er með sveinspróf í bifvélavirkjun.

Hversu lengi hefur þú verið í núverandi starfi og hvað hefur þú starfað lengi í þínu fagi?

Ég hef unnið hjá Öskju í 2 ár en hef starfað í greininni í 12 ár.

Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna Covid á þínum vinnustað og þá hverjar?

Já, fyrirtækið er að fara eftir öllum sóttvarnarreglum. Verkstæðinu hjá okkur hefur verið skipt upp í 4 sóttvarnarhólf, þegar bílar eru keyrðir inn og út af verkstæði er maður með grímu og hanska, lykklar frá viðskiptavinum eru sóttþreinsaðir og það er engin umgengni á milli deilda. Síðan eru náttúrulega allir að passa uppá 2 metra regluna.

Hefur eitthvað breyst í þínu starfi vegna Covid og þá hvað?

Kannski það sem hefur breyst mest er hversu lítið maður umgengst vinnufélagana. Eftir að verkstæðinu var skipt upp í hólf þá talar maður ekki eins mikið við þá sem eru í hinum hólfunum en vonandi fer maður að getað setið saman inni á kaffistofu aftur.

Hefur þú trú á að Covid breyti einhverju til frambúðar í þínu starfi?

Nei, ég hef ekki mikla trú á því, það eru allir búnir að vera mjög samstiga í þessu finnst mér og ég held ekki að Covid muni hafa mikil áhrif á bílaíðnaðinn, bílar munu alltaf halda áfram að bíla og þurfa viðhald sama hvað.



Birgir Már Davíðsson, sem er 34 ára, býr og starfar í Reykjavík. Hann starfar sem skoðunarmaður hjá Aðalskoðun.

Fyrsta spurningin til Birgis er hvaða áhrif Covid hefur haft á starf hans sem skoðunarmanns.

Covid hefur áhrif á mitt starf sem og flestra annara, hjá okkur er grímuskylda og við pössum upp á fjarlægðina. Það bitnar kannski að

eins á þjónustunni en við gerum okkar besta til að gera heimsóknina sem þægilegasta fyrir kunnann og sýna þeir þessu skilning.

Hvernig er að starfa sem skoðunarmaður

Hér á þessum vinnustað er góður starfsandi og frábær vinnutími. Í þessu sambandi má geta að Aðalskoðun var fyrsta skoðunarstöðin sem stytta vinnudaginn hjá starfsfólki sínu og er vinnutíminn frá 8:00 til 16:00 alla virka daga, sem er alveg frábær vinnutími, eftir að maður hefur prufað svona vinnutíma vill maður ekki fara til baka í langan vinnudag. Þetta verður til þess að ég verð líklegast hjá Aðalskoðun til 67 ára aldurs.

Hversu lengi hefur þú verið í núverandi starfi og hvað hefur þú starfað lengi í þínu fagi?

Ég hef verið skoðunarmaður hjá Aðalskoðun síðan 2018. Ég er bifvélavirki að mennt, með sveinspróf. Áður en ég hóf störf hér þá vann ég á verkstæði Toyota í rúm 8 ár.

Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna Covid á þínum vinnustað og þá hverjar?

Við pössum mjög vel upp á allt hreinlæti og eru allir snertifletir kunnans og starfsfólks sprittaðir í byrjun dags og síðan oft á dag eins og þurfa þykir.

Hefur þú trú á að Covid breyti einhverju til frambúðar í þínu starfi?

Ég held og vona að þessi veira eigi ekki eftir að breyta starfinu til frambúðar og vonast ég til þess að allt verði komið í sinn venjulega farveg sem fyrst.

Fyrsta spurning til Jónasar er hvernig honum líði í vinnunni á tímum Covid-19

Persónulega finnst mér að minn vinnustaður sé að gera eins vel og hægt er við að láta fólkinu sínu líða vel, á mjög svo krefjandi tímum.

Hver er menntun þín?

Ég fékk meistaraþéttindi sem bifreiðasmiður 1992. Lærði bifreiðasmiði í Réttingarverk, hjá Finnbirni Kristjánsyni frá 1984 til 1987.

Við hvað starfar þú?

Ég starfa sem smiður og núna felst starf mitt í að smíða, setja saman, tengja og setja upp hugbúnað. Síðan að prófa, ganga frá tækjum, og senda síðan til viðskiptavina út um allan heim.

Hversu lengi hefur þú verið í núverandi starfi og hvað hefur þú starfað lengi í þínu fagi?

Ég hef starfað hjá Marel hf. frá árinu 2007 en er með 30 ára starfsreynslu.

Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna Covid á þínum vinnustað og þá hverjar?

Tekið er mið af tilmælum sóttvarnalæknis og stjórnvalda. Vegna tilmæla sóttvarnaryfirvalda höfum við skipt vinnustaðnum upp í að hámarki 10 manna einingar. Framleiðsla Marel hefur ávallt verið unnin eftir svokölluðu sellu fyrirkomulagi, þar sem hver selli er að jafnaði 10 til 20 manns og hefur því ekki reynst mjög flókið að skipta upp vinnustaðnum. Að sjálfsögðu förum við eftir þeim reglum sem settar eru hverju sinni, notum grímur ef við þurfum að heimsækja aðra hópa og virðum alltaf 2 metra regluna. Við búum svo vel að hafa nokkra innganga sem hægt er að nota, þannig að hver selli hefur sér inngang. Valfrjáls mætingartíma



Jónas V. Bjargmundsson, sem er 54 ára, starfar hjá Marel hf. Garðabæ en býr í Reykjavík.

frá 6 á morgnana til 7:30 hjálpar okkur til að ekki mæti allir á sama tíma.

Hefur eitthvað breyst í þínu starfi vegna Covid og þá hvað?

Engar sérstakar breytingar hafa átt sér stað að mínu mati fyrir utan að samskiptin sem eiga sér stað eru hnitmiðaðri. Starfsfólk er að nota tækni sem er að þróast á ógnarhraða.

Hefur þú trú á að Covid breyti einhverju til frambúðar í þínu starfi?

EKKI nema að því leyti að samskiptatækninni hefur fleygt fram á þessum síðustu mánuðum og á bara eftir að aukast.

Þegar þetta viðtalið átti sér stað, þá var Guðmundur Þór í sóttkví í Noregi. Fyrsta spurningin var hvaða áhrif Covid og sóttkví hafi haft á samskipti og vinnu.

Eins og þetta ástand er búið að vera, þá þýðir þetta minni samskipti. Sóttkví í 10 daga í hverri ferð en reyndar mismunandi reglur milli landa. Hér í Noregi eru tvö tékk, ef fólk vill, líkt og heima, nema það nægir að 48 klst. séu á milli fyrri sýnatöku og þeirri seinni. Flest öll fyrirtæki sem fá til sín starfsfólk erlendis frá, fara fram á tvö tékk, sem og að fólk fylli út heilbrigðisvottorð.

Við hvað starfar þú og hversu lengi hefur þú verið í núverandi starfi?

Ég starfa sem vélvirki og búfræðingur og ég byrjaði í desember 2016 hjá Skaginn ehf., sem síðar varð Skaginn 3X. Ég fór á samning haustið 2004 hjá Micro ehf. og hef verið viðloðandi þetta starf síðan þá, með viðkomu í búskap og verktöku.

Hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna Covid á þínum vinnustað og þá hverjar?

Starfstöðinni á Akranesi hefur verið skipt í lita kóðuð hólf með hámark 10 manns í hverju hólfi, einungis verkstjórar eru með leyfi til að fara á milli hólfa og þá með grímur. Salerni eru einnig svæðisskipt og matsalur er þannig að einn er við hvert borð og menn þurfa jafnvel fara á mismunandi tímum. Óviðkomandi er bannaður aðgangur nema með leyfi verkstjóra.

Hver er mesta breytingin í þessu ástandi?

Minni mannleg samskipti og í staðinn meiri stafræn samskipti



Guðmundur Þór Guðmundsson er 37 ára, býr og starfar á Akranesi. Hann er vélvirki og liðsstjóri hjá Skaginn 3X ehf. á Akranesi

við samstarfsfólk, uppsetningar og þjónustuferðir erlendis lengjast vegna takmarkaðra samgangna og mismunandi sóttkvíar.


Hefur þú trú á að Covid breyti einhverju til frambúðar í þínu starfi?

Nei, ég hef ekki trú á því.


Laun og launaþróun

Samantekt unnin fyrir FIT af hagdeild ASÍ, úr gögnum frá Hagstofu Íslands

Miðgildi launa á almennum og opinberum markaði 2019




Laun iðnaðarmanna árið 2019




Meðaltal heildarlauna 2019 eftir störfum

Mánaðarlaun í þús.




Meðaltal heildarlauna 2019 eftir störfum

Mánaðarlaun í þús.



Reglulegt tímakaup iðnaðarmanna e. störfum

Meðaltal ársins 2019 og framreiknað til ársins 2020 m.v. launavísitölu



Kjarakönnun 2020

Hér á eftir eru helstu niðurstöður könnunar sem FIT gerði meðal félagsmanna sinna. Könnunin var gerð í nóvember sl. Góð þátttaka var í kjarakönnuninni en 872 félagsmenn FIT tók þátt. Þetta er marktækur fjöldi og svona kannanir nýtast mjög vel í samninga- viðræðum, sérstaklega í viðræðum um laun.


Við viljum þakka félagsmönnum kærlega fyrir þátttökuna.

Könnuð var aldurssamsetning þátttakenda og er niðurstaða hennar eftirfarandi.


Á hvaða aldri ert þú?	Fjöldi	Prósent
Yngri en 25 ára	49	5.62%
26-34 ára	168	19.27%
35-44 ára	193	22.13%
45-54 ára	204	23.39%
55-64 ára	178	20.41%
65 eða eldri	80	9.17%

Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?

Höfuðborgarsvæðið




Landsbyggðin




- Lægr en 300 þúsund
- 550 – 649 þúsund
- 300 – 349 þúsund
- 650 – 749 þúsund
- 350 – 399 þúsund
- 750 – 799 þúsund
- 400 – 449 þúsund
- 800 þúsund eða hærra
- 450 – 549 þúsund

Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?




■ Bílgreinar ■ Bygginga- og mannvirkjagreinar ■ Garðyrkja
 ■ Hönnun, listir, handverk ■ Mál-, véltækni- og framleiðslugreinar
 ■ Tækniteikun ■ Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar
 ■ Þjónustugreinar ■ Annað


Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bílgreinar



Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar



Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir mál-, véltækni- og framleiðslugreinar



FIT könnun 2020

Niðurstöður könnunar sem félagsmenn Félags iðn- og tækni-greina tóku þátt í í nóvember sl. má sjá hér á þessari opnu. Niðurstöðurnar eru mjög áhugaverðar. Jafnframt er hún hvatning um að gera betur og þjónusta félagsmenn okkar enn betur en nú er gert.


Dregið var úr hópi félagsmanna FIT sem svöruðu könnuninni. Það voru þrír heppnir þátttakendur sem voru dregnir út og fá 20.000 kr. inneign í orlofshúsakerfinu.

FIT óskar vinningshöfum til hamingju og þakkar öðrum félagsmönnum sem tóku þátt í könnuninni kærlega fyrir að gefa sér tíma til að svara. Hvert og eitt svar skiptir miklu máli.


Vinningshafar í happadrætti FIT:

Aðalgeir Gíslason
Kristinn Guðni Hrólfsen
Kristinn Skúlason


Hvernig finnst þér FIT standa sig í kjarabaráttu sinna félagsmanna?




Hvernig finnst þér FIT standa sig í samskiptum við félagsmenn?




Hversu vel þekkir þú réttindi þín hjá FIT?




Hvaðan færðu helstu upplýsingar um starfsemi og þjónustu FIT?




Býrðu í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði?




Hve langur hefur viðverutími þinn verið í starfi að meðaltali á dag sl. tvær vikur?




Á hvaða aldri ert þú?




Hvað vinnur þú að meðaltali margar yfirvinnu klukkustundir á viku?




Hefur vinnutíma verið breytt á þínum vinnustað?




Ertu ánægð/ur með þá ákvörðun að hafa stýtt vinnuvíkuna með því að sleppa neysluhléum?




Hafa verið gerðar sértækar ráðstafanir vegna covid á þínum vinnustað?




Hvernig aðgerðir?



Hver er staða þín á vinnumarkaði?



Ertu á mánaðarkaupi eða dagvinnutaxta (tímakaupi)?





Með baráttuna að leiðarljósi

”

Það náðist stór og mikill áfangi með því að sameina öll þessi félög í mjög öflugt iðnaðarmannafélag FIT. Sameiningin var mikið gæfuspör í íslenskri atvinnusögu og er grunnurinn að hinum mikla styrk FIT. Við erum nefnilega miklu sterkari sameinuð en sundruð,” segir Hilmar.

Hilmar Harðarson, formaður FIT - Félags iðn- og tæknigreina, þekkir baráttuna fyrir réttindamálum launafólks vel. Hann hefur staðið í eldlínunni frá stofnun félagsins. Hilmar er einnig formaður Samiðnar og er í miðstjórn og samninganefnd ASÍ. Það er því í mörg horn að líta hjá Hilmar og mörg mál sem þarf að sinna og berjast fyrir.

Mikilvægt að fagmenntaðir sinni iðnvinnu

„Ríkisstjórnin segist vera að beita sér fyrir því að styrkja iðngrein- ar og fjölga iðnmenntuðum en svo koma ótrúlegar ákvarðanir sem erfitt er að skilja. Enn og aftur á að taka lögverndunina af iðngreinum sem er með öllu óskiljanlegt. Það er mikilvægt að fagmenntaðir sinni iðnvinnu þannig að viðskiptavinir geti gengið að því vísu að það sé að kaupa þjónustu faglærðra en ekki einhverra fúskara sem hafa enga iðnmenntun að baki. Sama má segja um iðnaðarlögin, eða frumvarp sem liggur fyrir um þau og einföldun regluverks. Frumvarpshlutinn sem snýr að okkur iðnaðarmönnum heldur ekki vatni og rökin fyrir breytingunum eru skref í ranga átt. Það er ekki einu sinni haft samráð við iðnaðarmannafélögin við endurskoðun iðnaðarlaga. Við höfum sent inn umsagnir við þetta sérkennilega frumvarp þar sem skoðunum okkar er komið skýrt á framfæri. Stjórnvöld hafa talað fjálglega um að styrkja iðngreinar í sessi en taka síðan ákvarðanir sem eru í þveröfuga átt,” segir Hilmar.

Hann segir frumvarpið fyrir jafngildingu iðnnáms vera í vinnslu. „Verði frumvarpið að lögum þýðir það að sveinspróf verður jafngilt stúdentsprófi hvað varðar aðgang að háskólum. Þetta er gríðarleg mikil viðurkenning á mikilvægi iðngreina og það skiptir okkur miklu máli að félagar okkar geti sótt sér frekari menntun enda verðmæti í því fyrir þjóðfélagið að fjölbreyttur bakgrunnur búi að baki háskólamenntun.”

Mikil áhersla lögð á verkefnið „Allir vinna”

„Ég vil hrósa ríkisstjórninni fyrir að hafa sett í gang átakið „Allir vinna”. Við lögðum mikla áherslu á að átakið, sem felur í sér fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við margvíslegar framkvæmdir, svo sem byggingarframkvæmdir íbúða og frístundaheimila og viðhald bifreiða, yrði framhaldið. Við höfum lagt áherslu á umrætt verkefni enda er það atvinnuskapandi og einnig mikilvægt út frá neytendasjónarmiðum enda tryggir það enn frekar að leitað sé til fagmanna sem er mikið kappsmál allra. Að sama skapi teljum við mikilvægt að umrædd endurgreiðsla á virðisaukaskatti taki einnig til framkvæmda á vegum sveitarfélaga. Stjórnvöld mátu það svo að átakanu „Allir vinna” skyldi haldið áfram út árið 2021 og ber að hrósa stjórnvöldum fyrir þá ákvörðun,” segir Hilmar.



Löggiltir iðnaðarmenn eru frumforsenda fyrir fagmennsku í vinnubrögðum.

Hann segir að verkefnastaða iðnaðarmanna hafi verið góð í sumar en bætir við að það sé allsendis óvíst hvernig veturinn þróast. „Það má búast við áframhaldandi ágjöf á atvinnulífið. Það er því brýnt að halda hjólum atvinnulífsins gangandi og stuðla að því að það skili mikilvægum virðisaukandi verkefnum til samfélagsins. Átakið „Allir vinna“ lækkar kostnað almennings en það er mikilvægt að fólk geti leitað til fagmanna varðandi byggingarframkvæmdir og bílaviðgerðir og hins vegar verndar það mikilvæg störf í iðngreinum.“

Mikilvægt neytendamál

Hilmar segir að átakið „Allir vinna“ sé mikilvægt neytendamál. „Fólk leitar nú frekar til faglærðra varðandi endurbætur og viðhald. Með átakanu er verið við að sporna gegn því að endurbætur á húsnæði, viðgerðir og viðhald ökutækja fari fram í svörtu hagkerfi um leið og við tryggjum faglærðum áframhaldandi vinnu. Þetta átak er því gríðarlega mikilvægt í báðar áttir. Það vinna allir. Það var einnig afar mikilvægt að víkka þetta átak út og að það taki nú einnig til viðhalds og viðgerða fólksbíreiða. Yfir 4.000 manns starfa í bílgreinum á Íslandi og er þetta mikilvægt skref til þess að halda uppi atvinnustigi í greininni auk þess sem það eykur umferðaröryggi. Samiðn hefur lýst því yfir að mikilvægt sé að umrædd endurgreiðsla verði víkuð út með

þeim hætti að hún taki til allra skráningarskyldra ökutækja enda eru engin rök fyrir að undanskilja bifhjól, hjólhýsi, tjaldvagna eða önnur skráningarskyld ökutæki í þessu sambandi. Við höfum bent stjórnvöldum á þetta og við teljum brýnt að umræddar breytingar verði gerðar hið fyrsta.“

Aldrei mikilvægara að stjórnvöld horfi til atvinnuskapandi verkefna

Hilmar segist hafa átt von á meiri framkvæmdum á vegum ríkisstjórnar og sveitafélaga á þessu ári. „Það hefur í raun aldrei verið mikilvægara en nú á samdráttartímum að stjórnvöld horfi til verkefna sem stuðla að atvinnusköpun. Ljóst er að mörg verkefni koma þar til greina, bæði á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar. Ég tel afar mikilvægt að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst. Verulega hefur skort á viðhaldsframkvæmdir hjá hinu opinbera síðustu miss-



Átakið „Allir vinna“ lækkar kostnað almennings en það er mikilvægt að fólk geti leitað til fagmanna varðandi byggingarframkvæmdir og bílaviðgerðir



erin og nú er lag að bregðast við uppsafnaðri þörf þar. Brýnt er að halda hjólum atvinnulífsins gangandi og stuðla að því að greiðslur úr ríkissjóði skili mikilvægum virðisaukandi verkefnum til samfélagsins. Umrædd endurgreiðsla í áttakinu „Allir vinna“ tekur einnig til framkvæmda og viðhalds á öllu húsnæði í eigu sveitarfélaga. Nú er því lag að sveitarfélögin fari í framkvæmdir sem hafa lengi setið á hakanum sem og horfi til nýrra verkefna sem mikilvægt er að fara í.”

Verulega skort á viðhaldsframkvæmdir hjá hinu opinbera

Deilurnar um hjúkrunarrýmin hjálpa ekki til að sögn Hilmar. „Auðvitað þarf að gera stóran skurk í því enda kemur í ljós að ástand margra bygginga er mjög bágborið. Það væri mjög einfalt að setja af stað verkefni til að koma í veg fyrir að þessi húsnæði verði ónýtt og uppfylli í staðinn þær kröfur sem settar eru á okkar tímum. Að undanfögnu hefur verið mikil umræða um rakavandamál í byggingariðnaði, sér í lagi um myglu og áhrif hennar á líf okkar. Þetta er raunar mjög þörf umræða enda eru þess mörg dæmi að upp hafi komið alvarleg heilsufarsleg vandamál í tengslum við myglu. Þá hefur komið til mikið fjárhagslegt tjón vegna myglu og annarra atriða sem tengjast henni. Auðvitað getur margt komið til þegar leitað er ástæðna fyrir myglu en ljóst er að eitt það mikilvægasta er þó að vanda til verka og leita til þeirra sem hafa þekkingu og færni á viðkomandi sviði.

Löggiltir iðnaðarmenn eru frumforsenda fyrir fagmennsku í vinnubrögðum. Þá hefur átt sér stað mikil vitundarvakning á meðal faglærðra iðnaðarmanna um myglu og mikið framboð er af endurmenntun á þessu sviði fyrir iðnaðarmenn, m.a. hjá IÐUNNI fræðslusetri. Þetta er enn ein ástæðan fyrir því hversu mikilvægt er að velja fagmennsku. Þarna er heilsa okkar í húfi og við eigum ekki að gefa neinn afslátt af henni.

Við höfum skorað á stjórnvöld að hraða innviðauppbýggingu og setja í gang mannaflsfrekar framkvæmdir eins fljótt og frekast er unnt. Það er á svona tímum sem reynir á stjórnvöld að styðja við af fullu afli og ljóst er að enginn hörgull er af verðugum verkefnum sem ráðast þarf í.”

Höfum náð ýmsu í gegn í kjarasamningum

Hilmar bendir á að hagfræðideild Landsbankans hafi t.d. vakið athygli á því í haust að fjárfestingartölur hins opinbera væru ekki í samræmi við yfirlýsingar stjórnvalda. „Þar kemur m.a. fram að fjárfesting ríkissjóðs hafi minnkað um 17,1% milli fyrri árshelminga 2019 og 2020 og fjárfesting sveitarfélaganna um 9%. Við lýstum yfir vonbrigðum okkar með þetta og áréttuðum mikilvægi málsins. Þegar fyrirséð var að áhrif Covid-19 yrðu mikil á íslenskt samfélag boðaði ríkisstjórnin opinbert fjárfestingaráttak. Hins vegar er staðan sú að fjárfestingar ríkissjóðs og sveitarfélaganna hafi ekki aukist í takt við þær yfirlýsingar. Við höfum



ítrekað áskorun okkar til stjórnvalda að standa við orð sín og auka verulega umsvif sín í opinberum framkvæmdum sem allra fyrst.”

Mikil vinna hefur farið í að fylgja eftir kjarasamningum. Við höfum náð ýmsu í kjarasamningum bæði við ríkið og sveitarfélög. Ég hefði samt sem áður viljað sjá vaxtalækkanir skila sér betur út í umhverfið,” segir Hilmar og heldur áfram:



Það hefur í raun aldrei verið mikilvægara en nú á samdráttartímum að stjórnvöld horfi til verkefna sem stuðla að atvinnusköpun.

„Margir kjarasamningar hafa verið opnir sem hafa farið út í harðar deilur m.a. við stóriðjuna ofl. Það hefur því verið nóg að gera á þessu sérstaka ári.

Það hefur verið mikið álag á okkar starfsfólk í þessum kjarasamningum.

Viðræður eru hafnar um stofnanasamninga við ríkið en þeir eru komnir mislangt. Samið er komið með tengilið hjá hverri stofnun sem er viðloðandi viðræðurnar. Markmiðið er að klára umræddar viðræður sem fyrst í takt við þá niðurstöðu sem varð hjá Landspítalanum. Þá erum við einnig að undirbúa könnun á nýju ári sem snýr að sumarhúsum okkar og hvað megir betur fara þar.”

Mikil umræða um Planið

Talsverð umræða hefur skapast um Planið sem var á dagskrá Samiðnar fyrir nokkru. „Það er mikið um auglýsingar frá ófag-lærðum aðilum og við höfum vitneskju um starfsemi sem er í gangi og er ekki í samræmi við lög og reglur. Samráð er hafið við LMB Mandat um næstu skref Samiðnar en ljóst er að það er vilji til að halda áfram með málið og það er nauðsynlegt. FIT hefur kallað eftir að hið opinbera hætti að sýna linkind í þessum málum og sýni meiri hörku enda virðist það vera það eina sem þeir aðilar sem stunda svikastarfsemi á borð við þessa virðast skilja. Við þurfum refsíákvæði í iðnaðarmannalögin, tæki og

”

Margir kjarasamningar hafa verið opnir sem hafa farið út í harðar deilur m.a. við stórhöfðuna ofl. Það hefur því verið nóg að gera á þessu sérstaka ári.”

tól sem duga til að kveða þessa ólöglegu starfsemi niður. Verið er að kortleggja næstu skref og til hvaða aðgerða eigi að grípa en ljóst er að FIT mun halda áfram að berjast í þessu máli með öllum leiðum sem færar eru. Kennitölufلاك, svört atvinnustarfsemi og gerviverktaka er einhver mesta ógn við heilbrigða atvinnustarfsemi sem við erum að glíma við. FIT hefur um árabil verið leiðandi í baráttu gegn þessari vá og við höldum þeirri baráttu áfram svo lengi sem hún fær að viðgangast í íslensku þjóðfélagi. Því miður gengur hægt að uppræta þessa vá og þar miklu um að kenna skilningsleysi hins opinbera,” segir Hilmar.

Samstarf félaga iðnaðarmanna mjög gott

Samstarf félaga iðnaðarmanna hefur verið mjög gott að mati Hilmar. Hann segir menn hafa staðið þétt saman í kjaramálum og menntamálum. „Samstaðan skiptir mjög miklu máli. Við höfum náð betri árangri saman en sundur. Við teljum okkur hafa náð meiri samleið eftir að við fluttum á Stórhöfða með hinum iðnfélögum.”

„Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér“ á vel við um kjarnastarfsemi og tilgang FIT. Við stöndum sameinuð að verki og náum þannig þeim árangri sem við stefnum að.

Það er gríðarlega mikill auður í þeirri þekkingu sem FIT býr yfir og hana nýtum við í vinnu okkar á hverjum degi, hvort sem er á þeim fjölmörgu vinnustöðum sem FIT félagar starfa á, eða í baráttunni sem stjórnað er frá skrifstofunni. FIT stendur afar vel. Sjúkrasjóður félagsins er öflugur, endurmenntunarsjóður stendur

afar vel, verkfallssjóður er sterkur og svo mætti áfram telja. Allt þetta ber vitnisburð um það öfluga starf sem unnið er hjá FIT.”

Árvekni er lykilatriði í öflugum félagi eins og FIT

Hilmar segir starfið hins vegar þess eðlis að aldrei megi sofna á verðinum. „Árvekni er lykilatriði í öflugum félagi eins og FIT. Sífelld hagsmunagæsla félagsmanna er til staðar. Vinnustaðaeftirlit, vinnustaðaeheimsóknir, samstarf og samvinna við fyrirtæki og opinbera aðila, öflugt innra starf, launakannanir, félagsstarf, harka þegar hörku er þörf í kjaraviðræðum, skilningur á sífellt breytilegu landslagi og þróun starfa, alþjóða samstarf til að tryggja að við séum alltaf með á nótunum; allt þetta gerir FIT að því öflugum félagi sem það er.”

Samiðn hefur ráðið nýjan framkvæmdastjóra Elmar Hallgríms Hallgrímsson. Elmar er einnig menntaður lögfræðingur og mun hann nýtast bæði Samiðn og FIT sem og öðrum iðnaðarfélögum mjög vel í okkar baráttumálum. „Við erum afar ánægð og fá Elmar til okkar. Hann mun reynast okkur öflugur liðsstyrkur. Það er alltaf gott að hafa gott fólk með sér og við erum mjög lánsöm að eiga öflugt starfsfólk hjá FIT með mikla hæfni og reynslu,” segir Hilmar og bætir við að hann sé bjartsýnn á að það takist að klára ýmis baráttumál sem á dagskrá eru á nýju ári.



Hilmar Harðarson og Elmar Hallgríms Hallgrímsson.

Nauðsynlegt að koma af stað vinnustaðaeheimsóknum á nýjan leik

„Ég vil ennfremur hrósa starfsfólki og öllum félagsmönnum fyrir mjög gott samstarf á árinu sem senn fer að líða. Þetta er búið að vera mjög sérstakt ár og krefjandi ár sökum þess fordæmalausa ástands sem hefur skapast í samfélaginu vegna Covid-19. Ég hlakka mikið til að komast aftur út og geta heimsótt okkar félagsmenn á vinnustöðum. Það hefur að mörgu leyti verið skert þjónusta við okkar fólk vegna þessa ástands en við á skrifstofu FIT höfum reynt okkar allra besta við að svara fyrirspurnum og vera til staðar. Það er nauðsynlegt að koma af stað vinnustaðaeheimsóknum á nýjan leik og að okkar félagsmenn geti heimsótt okkur á skrifstofu FIT. Það jafnast ekkert á við það að hitta fólk og eiga eðlileg samskipti. Við horfum bjartsýnn á nýtt ár og vonum að það megi veita okkur öllum gæfu,” segir Hilmar að lokum.



Steindór Jónsson bifvélavirki, varð 100 ára aðeins nokkrum dögum eftir að hann fór í heldrimannaferð árið 2008.

Hann er elsti þátttakandi í heldrimannaferðum félagsins. Farið var á æskuslóðir Steindórs að Steinum undir Eyjafjöllum. Hilmar Harðarson færði honum myndir úr ferðinni á 100 ára afmælinu.





Heldrimannaferðir 2008 til 2019

Eins og menn vita, þá var því miður engin heldrimannaferð FIT farin þetta árið vegna ástandsins. Þessi árlega ferð hefur veitt okkur margar gleðistundir og margs er að minnast.

Hér á þessari opnu eru nokkrar myndir frá ferðum okkar frá 2008 til 2019. Vonandi geta menn yljað sér við að skoða myndir frá fyrri ferðum með þá ósk í huga að næsta haust verði farin heldrimannaferð.



Launahækkun 1. janúar 2021

Almenn launahækkun 1. janúar 2021 er krónur 15.750.-

Kjaratengdir liðir hækka um 2,5%, nema um annað hafi verið samið.

Athugið að kauptaxtar (lágmarkslaun) hækka sérstaklega. Grunnlaun iðnaðarmanna með sveinspróf hækka í krónur 418.496.-

Ákvæði kjarasamnings um yfirvinnu breytist og verður frá og með 1. janúar 2021:

Yfirvinna 1. greiðist með tímakaupi sem samsvarar 1,00% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Yfirvinna 2. greiðist með tímakaupi sem samsvarar 1,15% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Vinnutímabreyting 1. apríl 2020

Hefur vinnutíma verið breytt á þínum vinnustað? Þetta var ein af spurningum í FIT könnuninni 2020. 59,52% svöruðu því neitandi og sögðu að vinnutíminn hafi ekki breyst á sínum vinnustað. Hér er verk að vinna.

Á grundvelli meirihlutasamþykkis í atkvæðagreiðslu eiga starfsmenn rétt á að fram fari viðræður um vinnutímastyttingu í 36 virkar vinnustundir á viku að jafnaði samhliða niðurfellingu kaffitíma. Náist ekki samkomulag á vinnustaðnum er hægt að leita aðstoðar stéttarfélags. Byrjunin er að báðir aðilar tali saman og eigi þessar viðræður til að ná fram gagnkvæmum ávinningi.

Fyrirtæki sem hafa tekið upp vinnutímastyttinguna hafa áttað sig á að framleiðni og framlegð starfsmanna skiptir meira máli í rekstri fyrirtækja en talning á tímum.

Þetta er flókið og erfitt verkefni, sérstaklega vegna þess að iðnaðarmannafélaginn gafu starfsmönnum og fyrirtækjum frjálsar hendur með útfærslur á styttingunni þar sem þarfir starfsmanna og þjónustustig fyrirtækja er mismunandi.

Nokkrir punktar

- Í stað 40 greiddra tíma á viku komi 37 virkar vinnustundir.
- Við þessa breytingu hækkar einingin (klukkustundin) um 8,33% og þá er launamaður jafnsettur.

- Meðal vinnutími á mánuði verður 160 stundir og deilitala verður því 160 en ekki 173,33
- Yfirvinnuálag 2 greiðist af allri yfirvinnu umfram 17,33 tíma á mánuði og alltaf á nóttunni milli kl. 00 og 06



Ákvæði kjarasamnings um deilitölu dagvinnutímakaups breytist:

Tímakaup í dagvinnu er fundið með því að deila 160 í mánaðarlaun.

Skýring:

Við upptöku virks vinnutíma eru 37 klst. greiddar að jafnaði á viku m.v. fullt starf í stað 40 klst. og deilitala dagvinnutímakaups verður 160 í stað 173,33. Tímakaup í dagvinnu hækkar því um 8,33 eða sem nemur greiðslu fyrir kaffitíma sem færri tímar eru greiddir á viku/mánuði m.v. fullt starf skal reikna hækkun þannig að dagvinnulaun fyrir 37 klst. á viku/160 klst. á mánuði verði þau sömu og áður var greitt fyrir fleiri tíma.

Vinnutímastytting





Iðnaðarmenn á Suðurnesjum

Ólafur S. Magnússon
Þjónustufulltrúi
Reykjanesbæ.

Atvinnuleysi hefur aldrei verið meira hér á Suðurnesjum og gera má ráð fyrir að atvinnuleysi fari vel yfir 20% í desember 2020. Í þessu mikla atvinnuleysi sem er nú hér á Suðurnesjum, er það einna lægst hjá iðnaðarmönnum eða um 6%, ef miðað er við menntun þeirra sem skráðir eru atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun.

Segja má að þetta hrun í ferðaþjónustunni sé fjórða stóra áfallið sem vinnumarkaðurinn á Suðurnesjum hefur orðið fyrir frá árinu 2006. Mikið áfall varð þegar varnarliðið yfirgaf flotastöðina á Miðnesheiði árið 2006, en á þeim tíma störfuðu þar beint eða óbeint um 1200 manns.

Þá hafa vonir um atvinnuuppbyggingu í Helgúvík ekki ræst. Við þetta bættist svo bankahrunið og kreppan sem fylgdi í kjölfarið, en atvinnuleysi á Suðurnesjum var nærri tvöfalt meira en landsmeðaltalið sagði til um frá árinu 2008 til ársins 2013.

Í þessum þrengingum sem hafa átt sér stað hér á Suðurnesjum hefur komið glögglega í ljós mikilvægi iðnmenntunar. Við brott-hvarf varnarliðsins gekk þeim iðnaðarmönnum sem þar störfuðu á þeim tíma u.þ.b. 300 manns, nokkuð vel að fá önnur störf við hæfi. Staða iðnaðarmanna hefur því verið mun betri en margra annarra starfsstétta hér á Suðurnesjum í þessum þrengingum sem hafa dunið á vinnumarkaðinum á svæðinu.

Mikil fólksfjölgun og uppbygging hefur átt sér stað á Suðurnesjum og mikil þörf hefur verið fyrir iðnaðarmenn á svæðinu en frá 2004 til 2020 hefur íbúum á svæðinu fjölgað um rúmlega 65% á meðan landsmönnum hefur fjölgað um 26%. Vöxtur í ferðaþjónustu hefur haft gríðarleg áhrif á atvinnulífið þar sem flugstöðin er langstærsti vinnustaðurinn á svæðinu og þar af leiðandi hafði hrúnið í ferðaþjónustunni mikil áhrif á vinnumarkaðinn hér á Suðurnesjum.

Atvinnulífið er mun fjölbreyttara hér á Suðurnesjum nú en fyrir brotthvarf varnarliðsins. Mikil vöntun hefur verið á iðnaðarmönnum á Suðurnesjum undanfarin ár og stórar framkvæmdir hér á svæðinu hafa að miklum hluta verið unnar af erlendum iðnaðarmönnum. Efla þarf verulega iðnmenntun hér á Suðurnesjum og fjölga iðnaðarmönnum, þar sem það kæmi til með að stuðla að minnkandi atvinnuleysi meðal ungs fólks á svæðinu og við værum þannig sjálfbær með okkar iðnaðarmenn.



Hlaupið í skarðið í 21 ár


Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FS) var stofnaður árið 1976 í samstarfi ríkisins og allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Hálfrar aldar afmæli skólans nálgast óðfluga. Skólinn hefur starfrækir námsbraut í húsasmíði og hefur brautin verið starfandi allt frá stofnun.

Nemendum á námsbrautinni hefur fjölgað ört undanfarin ár og nú á haustönn eru 50 einstaklingar sem stunda nám í húsasmíði. Eftir áramót er reiknað með að nemendum fjölgi vegna þess að þá kemur inn lokaönn. Þeir namar fara síðan í sveinspróf næsta vor/sumar.

Gunnar Baldvin Valdimarsson húsasmíðameistari er einn af þremur kennurum í faggreinum húsasmíða við skólann. Það má segja að það sé nóg að gera á þeim bænum, þegar þarf að sinna 50 smíðanemum. „Ég leysti fyrst af hér í FS vorið 2000 þar sem fyrrum kennari minn var á leið í mánaðarfrí á vorönn. Hann hafði svo fengið ársleyfi um haustið 2000 og fram á vor 2001 og var hann jafnvel að hugsa um að hætta í framhaldi af því leyfi,“ segir Gunni Vald eins og hann er kallaður, sem sá fyrir sér að geta hlaupið í

skarðið fyrir hann og sótti um starfið. Hann hefur verið þar síðan og er búinn að vera þar í 21 ár. Hann hafði reyndar áður sinnt stundakennslu í smíðum í Myllubakkaskóla og kunnað ágætlega við það.

„Nemendur eru oft frekar slappir að ná sér í vinnu við iðngreinina sína eftir fyrstu tvær annir í skóla en sumir ná því þó og maður finnur mun á þeim frá vori og fram á haust þegar þeir koma aftur að þeir hafa tengt ýmis mál.“ Atvinnulífið á Suðurnesjum hefur tekið nemunum vel en oft finnst honum að það sé ákeðin feimni við að taka nema á samning þegar þeir biðja um það. Gunni Vald heldur áfram „Allt fer þetta eftir ástandinu á markaðnum hvernig nemendunum gengur að komast að hjá fyrirtækjum“. Honum finnst samvinna við atvinnulífið á Suðurnesjum hefði mátt vera



”

Nemendur eru oft frekar slappir að ná sér í vinnu við iðngreinina sína eftir fyrstu tvær annir í skóla en sumir ná því þó og maður finnur mun á þeim frá vori og fram á haust þegar þeir koma aftur að þeir hafa tengt ýmis mál.”

meiri en samvinnan sem hefur þó verið hefur gengið mjög vel að hans mati. Mörg fyrirtæki hafa í gegnum tíðina leitað til FS eftir starfsmönnum fyrir sinn rekstur og margar ráðningar hafa átt sér stað í gegnum húsasmíðabraut skólans.”

Spurður út í áhuga kvenna á náminu segir hann að sem betur fer hefur áhugi þeirra aukist enda eigi stelpur ekki síður heima í þessum fögum en strákar. „Þeim mætti samt fjölga töluvert meir. Þeim stelpum sem hafa verið hér í FS hefur gengið mjög vel í náminu.”

Covid-19 hefur haft mikil áhrif á skólastarfið. „Covid hefur sannarlega sett strik í skólastarfið en hjá okkur hefur sem betur fer verið hægt að halda úti fullri verklegri kennslu og fagbóklegum áföngum hér í skólanum en þar var lögð sérstök áhersla á að halda því inni þegar þurfti að senda bóknaðsmena í fjarnám. Það sem nemendur vantar sárlega er að hitta félagana og eiga góðar stundir með þeim hér í skólanum og hefur þreytu gætt hjá nemendum vegna þessa ástands,” segir hann.

Gunni Vald segir að það hafi orðið miklar breytingarnar á náminu í skólanum um 2004 þegar ný námskrá tók gildi. „Þá jókst verkleg kennsla mikið og var það til mikilla bóta. Í nýjustu útgáfu af námsskránni frá árinu 2018 í húsasmíði voru aðalega smávægilegar breytingar gerðar á milli áfanga og ýmsir smáagnúar lagfærðir. Samt gildir ekki sama námskrá fyrir alla skóla á landinu þar sem þeir hafa frjálssar hendur um að setja hana upp en flestir skólar nota sömu námskrá,” segir Gunni Vald ákveðinn og heldur áfram. „Það er óformleg samvinna á milli skóla og bera kennarar stundum saman bækur sínar en kennarar í byggingagreinum hafa með sér félagsskap þar sem þeir hittast þegar tilefni er til og þörf er á. En það mætti reyndar vera meiri samvinna að mínu mati.”

Gunna Vald er mikið niðri fyrir og er honum námið hugleikið þegar hann segir: „Ég hef talað mikið fyrir því að nemandi sem hefur nám í iðngrein td. húsasmíði geti lokið námi í faginu í

skólanum og tekið sveinspróf strax að loknu námi í skólanum en samræmt próf sé framkvæmt eins og í dag af aðilum úr atvinnulífinu. Þannig er prófið óháð því hvort nemandi hafi hlotið þjálfun eða kennslu í atvinnulífinu.” Hann horfir þarna til þess að þegar erfitt er að fá vinnu í faginu og kreppir að nemendum þá geti þeir klárað námið frá skólanum en þeir hljóti svo réttindaskírteini þegar þeir hafa bæði lokið prófi úr skólanum (sveinsprófi) og ákeðnum vinnutíma á markaði (þjálfun á vinnustað) þegar betur árar á markaði.



Lilja, Helga og Gunnar fyrir framan sumarhús í byggingu sem er árlegt verkefni hjá FS.



Aðstaðan er mjög góð og kennararnir mjög færir

Lilja Hildur Árnadóttir og Helga Guðrún Sigurðardóttir eru namar á húsasmíðabraut í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Okkur langaði að forvitnast um hvaða skoðanir iðnaðarmenn framtíðarinnar hafi á ýmsu tengt náminu og hverjir þeirrar framtíðardraumar séu. Það er mjög mikilvægt fyrir samfélagið á Suðurnesjum að þar skuli vera tækifæri til að læra iðngreinar í nærumhverfinu.

Smíði varð fyrir valinu

„Ég held ég hafi farið í gegnum öll klassísku tímabilin sem barn getur farið í gegnum varðandi störf. Einn daginn vildi ég verða geimfari og þann næsta snyrtifræðingur,“ segir Helga Guðrún sem er 17 ára gömul. Hún bætir við að hún hafi snemma fengið áhuga á byggingum og var snemma komin á þá skoðun að ætla sér að verða arkitekt. Í kringum 13 ára aldur heyrði hún að smíði væri góður grunnur fyrir arkitektanám. Eftir það hefur Helga Guðrún haft það að markmiði sínu að verða smíður.“

Lilja Hildur, sem er 18 ára, tekur í sama streng. „Á mínum yngri árum langaði mig að verða hárgreiðslukona en sá draumur entist ekki lengi því ég fékk strax leið á að gera í hár. Síðan tók við nýr draumur um að verða flugmaður,“ segir Lilja Hildur. Hún segist alltaf hafa haft gaman af því að vinna með höndunum og vera að brasa við að búa til hluti og því varð smíði fyrir valinu. „Ég fann að þetta væri mitt áhugasvið

þegar ég var í 9. bekk í grunnskóla og sá fram á það að ég gæti staðið mig vel í því námi og myndi hafa gaman af því.“

Þegar talið berst að náminu og Fjölbrautaskóla Suðurnesja þá er ekki annað hægt en að spyrja þær um smíðakennsluna.

„Aðstaðan er mjög góð og kennararnir mjög færir í að kenna út frá sinni reynslu. Við lærum grunninn í smíðum og það helsta sem viðkemur smíði. Við höfum verið að smíða allt frá dúkkurúmi upp í bústað,“ segir Lilja Hildur og Helga Guðrún heldur áfram. „Aðstæðurnar í FS fyrir smíðanám hafa reynst mér mjög góðar og verkefnið hjá mér þessa önnina er að smíða sumarbústað með öllum hópnum mínum.“

Alveg nógu sterkar

Konur hafa verið að ryðja sér til rúms í ýmsum iðngreinum sem hafa í gegnum tíðina flokkast undir karlagreinar. Hvaða skoðanir ætli þessar ungu konur í smíðanáminu hafi á því?

Helga Guðrún er fyrri til að svara „Já, ég verð alveg vör við það að fólk er hissa og forvitið að kona sé í smíðanámi og ég fæ mikið af spurningum eins og „hvernig er að vera kona með öllum þessum strákum?“ eða „ertu þá ekki eina konan?“ Lilja Hildur bætir við: „Já, ég hef einnig orðið vör við það. Ég sá mig aldrei fyrir mér að vinna svokallaða „karlmannsvinnu“ en stelpur geta alveg unnið þessa vinnu eins og karlmenn geta hugsað um heimilið.“ Hún bætir við að hún þurfi væntanlega að vinna hörðum höndum í þessu starfi en starfið sjálft hentar báðum kynjum. Til dæmis þá eru konur oft miklu vandvirkari en karlar og er það góður kostur í þessu starfi.“

Helga Guðrún samsinnir þessu og segist vera fullviss um að konur geti unnið sem smiðir jafnt sem karlar. Hún hafði að vísu haft áhyggjur af því að vera ekki nógu líkamlega sterk fyrir námið og þá vinnu sem þarf að framkvæma en segist hingað til hafa verið alveg nógu sterk.“

Við höldum umræðunni áfram og þær stöllur koma inn á fordóma sem þær segjast finna fyrir „Fólk hefur oft hneykslast á því að ég sé í þessu námi og til dæmis spurt hvort ég sé nógu sterk í hitt og þetta en slíkir fordómar hvetja mig bara til þess að vinna harðar og leggja meira á mig,“ segir Lilja Hildur og Helga Guðrún bætir við: „Því miður hef ég orðið vör við fordóma gagnvart því að vera kona í trésmíði og viðurkenni alveg að það tekur oft á að vera kona í þessum geira. En fólk tekur því nokkuð vel almennt að ég sé kona í smíði.“

Gott aðgengi að náminu

Við ákveðum að snúa okkur að framtíðinni. Hvenær ljúka þær námi og eru þær búnar að fá vinnu? „Ég ætla að taka stúdentspróf samhliða sveinsprófinu, þannig að stefna er að vera búin með allt



Helga Guðrún; Einn daginn vildi ég verða geimfari og þann næsta snyrti-fræðingur

á 4-5 árum en ég er núna að verða búin með eitt og hálf ár. Ég er því miður ekki komin með vinnu við fagið,“ segir Helga Guðrún ögn áhyggjufull og Lilja Hildur heldur áfram og segir „Ég er heldur ekki komin með vinnu á þessu sviði en ég reikna með því að ljúka náminu eftir tæpt eitt og hálf ár ef allt gengur að óskum.“

En hvaða skoðun ætli þessir ungu, glæsilegu fulltrúar iðnema hafi á því hvernig auka megí áhuga ungs fólks almennt á iðngreinum.

„Smíði getur verið grunnur fyrir eitthvað mjög stórt og flest allar iðngreinar bjóða upp á marga möguleika. Þessar greinar eiga alltaf til með að gagnast okkur í framtíðinni og eiga bara eftir að stækka með árunum,“ segir Lilja Hildur stolt og ákveðin. Helga Guðrún heldur áfram og bætir við: „Ég held að skemmtileg og áhugaverð fræðsla og gott aðgengi að náminu er aðalatriðið í því að ungt fólk fái áhuga á náminu. Ég vil bara hvetja alla þá einstaklinga sem vilja læra smíði eða hafa einhvern áhuga á því að „go for it!“

Það er komið að lokum spjallsins og veltum því fyrir okkur hvar þær sjái sig eftir 10 ár.

„Ég sé fyrir mér að vera erlendis að klára arkitektanám sem hefur verið draumurinn minn síðan ég var 12 ára,“ segir Helga Guðrún hress í bragði og Lilja Hildur tekst á flug og hefur stóra drauma „Ég sé mig fyrir mér vera búin með meistarakólann og kannski eitthvað háskólanám að auki. Minn helsti draumur er samt að stofna fyrirtæki tengt þessari grein. Ég hef oft hugsað til þess að byggja umhverfisvæn hús.“

Eftir þetta spjall við Helgu Guðrúnu og Lilju Hildi er ekki hægt annað en að vera bjartsýnn fyrir hönd íslensks iðnaðaðar í heild sinni ef að þessi jákvæði hugsunarháttur er hjá flestum iðnnemum sem koma til með að taka við iðngreinunum í framtíðinni.



Lilja Hildur; Smíði getur verið grunnur fyrir eitthvað mjög stórt og flest allar iðngreinar bjóða upp á marga möguleika.



Langað að verða smiður síðan ég var 6 ára

Helena Bergsveinsdóttir er 35 ára með sveinspróf í húsasmíði, ásamt því að vera móðir, dóttir og eiginkona með kranaréttindi. Áskell Agnarsson hjá Húsagerðinni er meistarinn hennar.

Hún er alin upp í Hafnarfirði en dvaldi um tíma í Noregi þangað til leið hennar lá í húsasmíðanám í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Núna er hún að byggja viðbyggingu við gamla skólann sinn. Helena er ein af þrettán starfsmönnum Húsa-

gerðarinnar og þegar hún hóf störf þá var hún eina konan, sú fyrsta sem starfar sem smiður hjá fyrirtækinu í tæp 50 ár, en í dag eru þær orðnar tvær.

Frá því Helena var 6 ára vildi hún verða smiður „Pabbi minn

er húsasmiður. Þegar hann kom heim úr vinnunni þá fannst mér alltaf svo góð smíðalykt af honum. Þegar ég smíðaði svo fyrsta pallinn minn með pabba mínum þá vissi ég að þetta ætlaði ég að verða þegar ég yrði stór,” segir Helena með glampa í augunum.

Lífið

Samtalið heldur áfram um hvert lífið fer með mann eða eins og segir í frægu lagi eftir John Lennon: „Lífið er það sem gerist þegar þú ert upptekinn við að gera önnur plön“ og hvers vegna hún hafi ekki farið fyrr í smíðanámið.

„Ég varð ólétt af stráknum mínum þegar ég var 16 ára og fór beint úr grunnskóla í að verða móðir. Þegar sonur minn er 2-3 ára er ég að vinna hjá pabba mínum við smíðar en á þeim tíma bjó ég hjá honum í Reykholti,” segir Helena og heldur áfram að rifja upp sitt lífshlaup. „Ég skráði mig á húsasmiðabraut í skólanum á Akranesi árið 2005 en um sumarið varð ég yfir mig ástfangin af núverandi manni mínum, þannig að ég gat ekki hugsað mér að fara í skóla og flutti í bæinn til hans. Árið 2011 fluttum við til Noregs en þar bjuggum við í 5 ár. Við ákváðum að flytja heim í júní 2016 en þá lét ég drauminn minn loksins rætast og skráði mig í FS á húsasmiðabraut og sé svo sannarlega ekki eftir því.“

Námið

Þegar talið berst að náminu og Fjölbrautaskóla Suðurnesja þá er ekki annað hægt en að spyrja um námið. „Ég byrjaði í FS í janúar 2017 á húsasmiðabraut og í apríl sama ár hringdi ég í meistaran minn hann Áskel og spurði hann hvort hann tæki nema á samning“ og hún bætir fljótt við „Hann sagðist gera það og spurði hvað drengurinn væri gamall, ég sagði honum að það væri fyrir mig og að ég væri 32 ára. Honum var smá brugðið en tók svo bara vel í það,” segir Helena hlægjandi, við upprifjun á þessari skemmtilegu minningu og hún byrjaði að vinna hjá Húsagerðinni 15 maí 2017.

Helena heldur áfram að tala um námið í FS „Námið er mjög skemmtilegt og fjölbreytt, það mætti vera fleiri verklegir áfangar en aðstaðan er fín en smíðastofan mætti að vísu vera stærri. Það þarf meiri fræðslu til ungs fólks og kynna iðngreinar sem skemmtilegt fag.“

Sveinn í húsasmiði

Þegar hún er spurð út í það hvort hún hafi orðið fyrir fordómum í starfi segir Helena svo ekki vera „Ég hef ekki beint orðið var við fordóma en ég hef verið spurð hvort þetta starf henti konum, hvort þetta sé ekki of mikil erfiðisvinna. Ég hef samt oft fengið góð viðbrögð þegar ég segist vera smiður,” segir Helena og heldur áfram ákveðin: „Það hefur mikla þýðingu fyrir mig að vera sveinn í trésmíði, mig hefur langað að verða smiður síðan ég var 6 ára og það er loksins orðið að veruleika.“

Helena ætlar að halda áfram í sínu námi og hefur skráð sig í meistarakólann eftir áramót „Ég er að fara að taka meistaran eftir áramót, vinnumarkaðurinn fyrir smíði er góður á Suðurnesjum, þannig að framtíðin er bara björt. Ég sé mig reka mitt eigið fyrirtæki í framtíðinni, vonandi taka að mér smíðanema og hjálpa þeim í gegnum sitt nám.“

Lokaspurning til Helenu er um hvað henni þyki skemmtilegast að gera sem smiður í sínu starfi „Mér finnst allt mjög skemmtilegt og áhugavert en fíla mig best í fínvinnunni eins og innréttingum, parketlögnum og setja upp vegg. Ég er til í að prófa allt og læra allt.“

Við óskum henni velfarnaðar í starfi, þökkum fyrir skemmtilegt spjall og erum ekki í vafa um að hún eigi eftir að láta drauma sína rætast.

”

Námið er mjög skemmtilegt og fjölbreytt, það mætti vera fleiri verklegir áfangar en aðstaðan er fín en smíðastofan mætti að vísu vera stærri. Það þarf meiri fræðslu til ungs fólks og kynna iðngreinar sem skemmtilegt fag.”



Björgvin Högnason og Helena Bergsveinsdóttir.



Gott að hafa gaman í vinnunni

**Steindór Sigfússon múrari hefur starfað í
rúm 30 ár við múrverk**



Steindór er ættaður úr Skagafirðinum. „Ég er fæddur sama ár og Stalín dó árið 1953. Ég er sveitamaður í húð og hár. Ég er fæddur og uppalinn í Lýtingstaðahreppi hinum forna. Hreppurinn er í innanverðum Skagafirði, vestan Héraðsvatna. Lýtingsstaðahreppur er ekki til lengur því árið 1998 sameinaðist hann 10 öðrum sveitarfélögum í Skagafirði.“

„Ég var í sveitinni fram að 15 ára aldri er ég dreif mig út á Sauðarkrók og fór í iðnskólann þar. Ég ætlaði þá að verða húsasmíðameistari en sá draumur rættist nú raunar aldrei en annað gott kom í staðinn,” segir hann og brosir.

„Ég fór á síldarbát þegar ég var 17 ára haustið 1970. Það var í fyrsta skipti sem ég fór að heiman svo heitið geti. Ég var á síld á bátnum Hamravík KE75. Þetta var mikið fjör fyrir 17 ára gutta. Ég var svolítið sjóveikur til að byrja með en það fór þó fljótt af mér. Þetta var góð reynsla fyrir ungan mann. Þarna lærði maður ýmislegt. Ég byrjaði síðan á sjó fyrir alvöru þegar ég réð mig á togara frá Sauðarkróki. Þá var ég 21 árs. Ég fór á Hegrans SK og var þar í rúmt ár. Ég hætti þar á Þorláksmessu 1975 og fór suður í Grindavík og var þar tvær vertíðar. Á sumrin var ég að vinna hér og



þar. Árið 1977 flutti ég á Dalvík ásamt fjölskyldu minni. Ég hafði kynnst konunni minni, Jóhönnu Óskardóttur, í Hveragerði 1976 þar sem ég hafði unnið um tíma sem handlangari fyrir múrara. Ég bjó í 13 ár í Dalvík og starfaði sem sjómaður. Ég var fyrst á Stafnesinu en síðan réði ég mig á Harald EA62 og var í nokkur ár. Það var mjög vel að þeirri útgerð staðið,” segir Steindór.

Lærði múrverk og sér ekki eftir því

Hann ákvað síðan að flytja til Reykjavíkur 1990 og segist þá hafa verið farinn að huga betur að hvað ég ætti að gera þegar hann yrði stór. „Ég fór á samning hjá Erni Snævari Jónssyni múrara-meistara. Vegna verkefnaskorts skipti ég um vinnu og kláraði samninginn hjá Reyni Hjörleifssyni múrarameistara. Ég fékk iðnnámið á Sauðárkróki metið að miklu leyti og allt bóklega námið, þegar ég fór í Iðnskólann í Reykjavík 1991. Þá var draumurinn um húsasmíðameistarann úr sögunni og ég var þá ákveðinn að læra múrverk og sé ekki eftir því.

Ég tók sveinsprófið 10. desember 1993 og fékk sveinsbréfið í janúar 1994. Ég fór ekki í meistaranámið. Ég reyndi að reka eigið fyrirtæki en það tók mig 10 mánuði að átta mig á því að það var

ekki starfsvettangur fyrir það. Ég sá þá fyrir mér að það væri raunar betra fyrir mig að starfa hjá meisturum heldur en að reka eigið fyrirtæki.”

Notalegur vinnudagur í sólbaði í Firðinum

Ég fór niður í múrarafélag og talaði við Helga Steinar formann og bað hann að benda mér á einhverja góða meistara sem ég gæti unnið hjá. Og úr varð að ég hef unnið hjá fjórum góðum meisturum sem hann benti mér á og það hefur varla dottið út dagur hjá mér í 30 ár. Ég hef haft meira en fulla vinnu síðan ég byrjaði í múrverkinu í ágúst 1990.

Þeir meistarar sem ég hef unnið hjá á um 30 árum eru Reynir Hjörleifsson, Sigurður Heimir Sigurðsson, Guðmundur Hallsteins-son og Gylfi Ómar Héðinsson. Ég hef góða sögu að segja af þeim öllum. Þeir hafa allir staðið við sitt og það hefur verið gott að vinna fyrir þá alla. Þeir eru allir prýðismenn. Eigum við ekki að segja að líkur sæki líkann heim,” segir Steindór og brosir.

Aðspurður um einhverja skemmtilega sögu úr vinnunni segist hann luma á einni. „Við múraranir vorum eitt sinn sendir suður í Hafnarfjörð. Þá átti að huga að því að gera við hús í Firðinum.

Vinnupallarnir voru á leiðinni og áttu að koma klukkan hálf níu um morguninn. Við vorum mættir snemma eða um klukkan 8 og það var sólríkur dagur. Við vorum í sólbaði allan daginn því kallarnir með pallanna komu ekki fyrr en daginn eftir. Þetta var því ansi notalegur vinnudagur í sólbaði í Firðinum,” segir hann glottandi.

Heppinn að hafa alltaf nóg að gera

Steindór hefur unnið mikið við að pússa skólabyggingar á höfuðborgarsvæðinu. „Ég hef pússað 14 skólabyggingar í Reykjavík, Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Ég hef pússað upp sex íþróttahús á höfuðborgarsvæðinu. Þetta voru allt mjög stór verk. Ég var t.d. í Haukahúsinu á Ásvöllum í 13 mánuði samfleytt um síðustu aldamót. Það var mjög mikil vinna í Haukahúsinu enda mikið verk m.a. sjálfur íþróttasalurinn og búningasklefar. Það var allt pússað að innan þarna, hver einasti flötur í öllum rýmum. Guðmundur múrameistari var með Haukahúsið. Við vorum að jafnaði sex iðnaðarmenn að vinna þetta verk. Ég var einnig 10 mánuði í Hofsstáðaskóla í Garðabæ og þar var mikið sem þurfti að vinna í múrverkinu. Sigurður Heimir var með þetta verk. Við vorum að jafnaði um fimm að vinna þetta saman enda bæði þessi verkefni mjög stór og viðamikil.”

Steindór segist telja sig hafa verið mjög heppinn alla tíð. „Ég hef alltaf haft nóg að gera. Ég hef unnið í þessu hefðbundna múrverki, að koma múrblöndunni upp á vegginn, rétta vegginn af og pússa. Þetta fer betur með mann heldur en flísalögnin. Þessi vinna á mjög vel við mig og því hef einbeitt mér að henni. Ég hef unnið nánast eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. Eitt sinn fór ég í verkefni í Sandgerði en þar fyrir utan hafa öll mín verk verið unnin í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ.

Dýrafjörður fallegasti staðurinn

Aðspurður um áhugamál utan vinnunnar svarar Steindór: „Ég hef gaman af ferðalögum. Ég og konan ferðumst mikið um landið og frekar hér á landi heldur en erlendis. Mér finnst fallegasti



Steindór á Fiskideginum á Dalvík árið 2003 ásamt Jóhannesi Markússyni útgerðarmanni.



Steindór að undirbúa sig fyrir að fara á sveitaball í Miðgarði. Á þessum tíma var hann á Hegranesinu.

staður landsins vera Dýrafjörður. Það er þó mjög mikið af fallegum stöðum hér á fallega landinu okkar. Mér finnst auðvitað gaman að koma heim í Skagafjörðinn og þá er ég líka alltaf ánægður að koma í Eyjafjörðinn.

Fyrsta utanlandsferðin mín var til Majorka þegar ég var um tvítugt. Ég var þar í samfloti með skemmtilegum manni, Ólafi Helga Antonssyni, sem var skipfélagi minn á Hegranesinu. Hann kunni mikið af lögum og ljóðum og var auk þess leikari. Það var sérlega gaman að ferðast með honum í þeirri ferð.”

Áhugasamur um sund og frjálsar íþróttir

Steindór segist hafa fylgst vel með íþróttum síðan hann var strákur. „Ég er sérlega hrifinn af frjálsum íþróttum og sundi. Ég hef gaman að fylgjast með þessum íþróttagreinum í sjónvarpi. Ég reyni alltaf að taka frí þegar Ólympíuleikarnir eru. Ég horfi yfirleitt á landsleiki í knattspyrnu en er ekkert að eltast við einstaka leiki félagsliða. Ég horfi t.d. ekkert á enska boltann. Ég hef alla tíð verið duglegur að fara í sund og ég var lengi í hlaupum þ.e. skokkaði mikið. Ég skokkaði t.d. í vinnuna í mörg ár. Ég hef alltaf átt auðvelt með að hreyfa mig og hef gaman af því. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki verið mikið í félagsstörfum. Ég hef undanfarin ár verið í verðskrárnefnd fyrir múrara. Við náðum fyrir fimm árum að laga taxtann aðeins fyrir múrara þannig að um var að ræða töluverða bót fyrir okkur,” segir hann.

Steindór er 67 ára og það er ekki úr vegi að spyrja hann hvað hann geti hugað sér að vinna lengi. „Ég ímynda mér að ég geti unnið þar til ég verð sjötugur. Mér finnst ég hafa góða starfsorku. Mér líkar múrvinna mjög vel og hef í rauninni gaman að þessu. Það er óskaplega gott að hafa gaman af vinnunni. Það er mín skoðun og jafnvel margra annarra að gott og snyrtilegt múrverk eins og á að vinna það, beinir veggir og hreinar kverkar, er það besta innanhúss.”

„Allir vinna“ framlengt út árið 2021

FIT hvetur alla til að örva hagkerfið með því að nýta sér 100% endurgreiðslu á vinnu og þjónustu í eftirfarandi störfum, því það hvetur til aukinna umsvifa og allir vinna.

- Vinna við byggingu, endurbætur og viðhald á íbúðarhúsnæði
- Viðgerðir, málning og réttingar fólksbíla



- Hönnun og eftirlit við íbúðar- og frístundahúsnæðis
- Vinna við byggingu, endurbætur og viðhald á frístundahúsnæði
- Vinna við byggingu, endurbætur og viðhald húsnæðis í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga í eigu þeirra
- Vinna á byggingarstað fyrir mannúðar- og líknarfélög, íþróttafélög og björgunarsveitir og deildir þeirra á mannvirkjum
- Heimilisaðstoð
- Regluleg umhirða íbúðarhúsnæðis

Sótt er um endurgreiðslu á vef rsk.is

Desemberuppbót 2020

Desemberuppbótin skal greiðast í **síðasta lagi 15. desember**

miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Starfsfólk sem verið hefur samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi 1. desember á rétt á desemberuppbót.

Starfsfólk í ákvæðisvinnu fær greidda desemberuppbót líkt og aðrir. Sá tími sem starfsmaður er í fæðingarorlofi telst sem starfstími við útreikning desemberuppbótar.

Iðnnemar í fullu starfi hjá fyrirtæki á námstíma fá fulla desemberuppbót.

Fullt starf telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Reikniregla: Desemberuppbót deilt með 45 margfaldað með unnum vikum. **Sjá nánar á heimasíðu FIT: fit.is/kjaramál.**

Desemberuppbót, að meðtöldu orlofi, er kr. 94.000 fyrir eftirtalda kjarasamninga:

- Samtök atvinnulífsins
- Meistarasamband byggingamanna

- Snyrtifræðinga
- Bilgreinasambandið
- Félag pípulagningameistara
- Samband garðyrkjubænda
- Ríkið

Upphæð desemberuppbótar í eftirtöldum kjarasamningum er:

- Reykjavíkurborg kr. 102.100,-
- Strætó kr. 102.100,-
- OR-ON kr. 108.600,-
- Faxaflóahafnir: kr 108.600,-
- Samband íslenskra sveitafélagakr. 118.750,-
- Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma kr. 103.100,-
- Landsvirkjun kr. 135.373,-

**Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og
landsmönnum öllum
hugheilar jóla- og
nýárskveðjur.**



REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI

SÉREIGNARSPARNAÐUR ER KJARABÓT



KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á BIRTA.IS

Séreignarsparnaður er viðbót við lögbundinn lífeyrissparnað og er þín eign. Þú ræður hvernig þú ráðstafar honum eftir að þú nærð 60 ára aldri. Séreignarsparnaður erfist að fullu.

Ef þú leggur fyrir 2-4% af launum í **séreignarsparnað** þá bætir launagreiðandi við 2% af launum til viðbótar, sem er í raun launahækkun sem þú fengir annars ekki.

Séreignarsparnað má einnig nýta skattfrjálst til íbúðakaupa eða til greiðslu inn á húsnæðislán að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

